

51. fundur stjórnar Byggðasamlags Tónlistarskóla A-Hún var haldinn mánudaginn 30. nóvember 2020, í gegnum ZOOM, fjarbúnað, klukkan 17:00

**Mætt voru:** Gunnar Tryggvi Halldórsson, Jóhanna Magnúsdóttir, Róbert Kristjánsson, Karen Helga Steinsdóttir, Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri Húnavatnshrepps og Hugrún Sif Hallgrímsdóttir, skólastjóri.

Gunnar Tryggvi Halldórsson, formaður stjórnar setti fundinn og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Skólastarfið.
2. Fjárhagsáætlun ársins 2021.
3. Kostnaðarskipting á milli aðildarsveitarfélaga.
4. Önnur mál.

**Gengið var til dagskrár:**

**Dagskrá:**

**1. Skólastarfið:**

- a. Hugrún Sif Hallgrímsdóttir, sagði að starf Tónlistarskólans væri í föstum skorðum. Skipta þurfti kennslu í fjarkennslu í 2 vikur nú í haust.*
- b. Jólatónleikar eru ekki fyrirhugaðir, heldur verði hver og einn nemandi tekinn upp á myndband og upptakan send til foreldra eða forráðamanna.*

**2. Fjárhagsáætlun ársins 2021:**

- a. Sveitarstjóri Húnavatnshrepps lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.*
  - i. Stjórnin ræddi áætlunina, heildarkostnað og einstaka rekstrarliði hennar.*
  - ii. Heildar rekstrartekjur skólans eru áætlaðar 62.607.000 krónur og heildargjöld eru áætluð 62.418.000 krónur.*
- b. Stjórn Tónlistarskóla A-Hún samþykkir samhljóða fyrirliggjandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.*

**3. Kostnaðarskipting á milli aðildarsveitarfélaga:**

- a. Sveitarstjóri Húnavatnshrepps lagði fram til kynningar kostnaðarskiptingu á milli aðildarsveitarfélaga.*
  - i. Heildarframlag sveitarfélaganna hækkar um 500.000 krónur á milli ára.*

#### 4. Önnur mál:

- a. Spurt var um fiðlukennslu
  - i. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.
- b. Fleira var ekki bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert,

fundi slitið kl. 17:41

Fundargerð upplesin, verður undirrituð síðar.

Fundargerð ritaði Einar Kristján Jónsson

---

Gunnar Tryggvi Halldórsson

---

Jóhanna Magnúsdóttir

---

Róbert Kristjánsson

---

Karen Helga Steinsdóttir

---

Einar Kristján Jónsson

---

Hugrún Sif Hallgrímsdóttir